

## Úrskurður

### áfrýjunarnefndar samkeppnismála

í máli nr. 8/2009

Eðvarð Sigurvin Ólafsson

gegn

Samkeppniseftirlitinu

#### I.

##### Hin kærða ákvörðun og kröfur málsaðila

Með bréfi, dagsettu 5. maí 2009, hefur Eðvarð Sigurvin Ólafsson (hér eftir nefndur áfrýjandi) kært ákvörðun Samkeppniseftirlitsins dagsetta 16. apríl 2009. Í hinni kærðu ákvörðun komst Samkeppniseftirlitið að þeirri niðurstöðu að ekki væru forsendur til að rannsaka erindi áfrýjandi frekar.

Af hálfu áfrýjanda er þess krafist að ákvörðun Samkeppniseftirlitsins verði felld úr gildi og lagt verði fyrir eftirlitið að kanna hvort brotin hafi verið ákvæði samkeppnislaga í samræmi við erindi hans frá 19. mars 2009.

Af hálfu Samkeppniseftirlitsins er þess krafist að hin kærða ákvörðun verði staðfest.

#### II.

##### Helstu málavextir

Með bréfi, dagsettu 19. mars sl., óskaði áfrýjandi eftir því við Samkeppniseftirlitið að fjallað yrði um það af hálfu eftirlitsins hvort úthlutun aflaheimilda til fiskveiða án

endurgjalds fæli í sér ríkisaðstoð sem hamli samkeppni og sé því í andstöðu við 1. gr., 8. gr. og 10. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005. Í erindinu kom fram að áfrýjandi hafi stundað sjó frá unga aldri, ýmist á eigin bát eða sem skipverji á aflaskipum. Hann væri í dag eigandi fiskibáts sem byggði aflaheimildir sínar á kaupum á takmörkuðum byggðakvóta og kvótaleigu. Hann telji að forsendur fyrir útgerð af þessu tagi séu útilokaðar þar eð hann njóti ekki sömu forréttinda og aðrir sem í öndverðu hafi fengið kvóta úthlutað án endurgjalds.

Erindinu var hafnað af hálfu Samkeppniseftirlitsins með bréfi dagsettu 16. apríl sl. Eftirlitið taldi að erindið uppfyllti ekki kröfur sem gerðar væru til erinda samkvæmt málsmeðferðarreglum Samkeppniseftirlitsins nr. 880/2005 og að ekki væru forsendur til að rannsaka erindið frekar.

Mál þetta var flutt skriflega fyrir áfrýjunarnefndinni. Greinargerð Samkeppniseftirlitsins barst 27. maí 2009 og athugasemdir áfrýjanda 8. júní 2009.

### III.

#### Helstu málsástæður málsaðila

##### *Málsástæður áfrýjanda*

Af hálfu áfrýjanda er byggt á því að lög um stjórn fiskveiða standist ekki gagnvart alþjóðaskuldbindingum að því leyti að einn hópur útgerðamanna/skipseigenda sem uppfylli almenn skilyrði laganna til veiða fái ekki hlutdeild í heildarkvóta/aflamarki sem hafi verið úthlutað endurgjaldslaust á önnur skip. Um það liggi fyrir bindandi úrskurður mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna sem íslenska ríkinu beri að hlíta. Áfrýjandi telur að 10. gr. samkeppnislaga eigi við og að markmið 1. gr. samkeppnislaga nái ekki fram að ganga nema staða hans sé hin sama og þeirra sem fengið hafi úthlutun aflaheimilda endurgjaldslaust. Áfrýjandi bendir á að hann hafi ekki bolmagn til að rannsaka hvaða fyrirtæki það séu sem fengu kvóta eða aflamark afhent án endurgjalds en

að rannsókn Samkeppniseftirlitsins á málinu væri í samræmi við c-lið 8. gr. samkeppnislaga.

#### *Málsástæður Samkeppniseftirlitsins*

Af hálfu Samkeppniseftirlitsins er byggt á því að eftirlitið meti sjálft hvaða erindi það ákveði að taka til meðferðar hverju sinni. Vísað er til 3. mgr. 8. gr. samkeppnislaga sem segi að eftirlitið taki ákvörðun um hvort erindi sem berist stofnuninni gefi nægar ástæður til rannsóknar og til úrskurða áfrýjunarnefndarinnar sem hafi staðfest að eftirlitið hafi viðtækt mat í þessum efnum. Þá bendir Samkeppniseftirlitið á að í málsmeðferðarreglum stofnunarinnar nr. 880/2005 sé mælt fyrir um ýmis skilyrði fyrir því að mál verði tekið til meðferðar af hálfu þess. Eftirlitið bendir á að í máli þessu hafi mikið vantað upp á að þessum skilyrðum væri fullnægt og að ekkert hafi komið fram í upphaflegu erindi áfrýjanda sem gefi tilefni til frekari rannsóknar. Þá telur Samkeppniseftirlitið að sjónarmið áfrýjanda í kæru styðji ekki með nokkrum hætti við þá kröfu hans að taka beri erindi hans til rannsóknar og efnislegrar meðferðar hjá stofnuninni. Beri því að staðfesta hina kærðu ákvörðun.

### **IV.**

#### **Niðurstaða**

Áfrýjandi kveðst vera eigandi fiskibáts sem byggji aflaheimildir sínar á kaupum á takmörkuðum byggðakvóta, sem raunar hafi fallið niður 2004, og kvótaleigu. Hann telur að forsendur fyrir útgerð af þessu tagi sé útilokuð þar eð hann njóti ekki sömu forréttinda og aðrir sem í öndverðu hafi fengið kvóta úthlutað án endurgjalds. Hann fór fram á að Samkeppniseftirlitið kannaði hvort úthlutun aflaheimilda án endurgjalds fæli í sér brot á tilteknum greinum samkeppnislaga.

Erindið er sett fram á almennum grundvelli og snertir hagsmuni áfrýjanda með líkum hætti og alla þá sem stunda útgerð og standa svipað að vígi með öflun aflaheimilda. Í erindinu er því ekki að finna rökstuðning fyrir því með hvaða hætti brot þessi áttu sér stað eða hvernig þau skuli heimfærð undir tilvísaðar greinar samkeppnislaganna heldur fremur

almenna úttekt á því að núgildandi fiskveiðistjórnunarkerfi mismuni aðilum á samkeppnismarkaði.

Reglur um málsmeðferð Samkeppniseftirlitsins nr. 880/2005 sem settar eru á grundvelli 2. mgr. 8. gr. samkeppnislaga gera kröfu til þess að í kvörtunum vegna meintra brota á samkeppnislögum sé lýst nákvæmlega þeim atvikum sem leiða til þess að mati kvartanda að brotið hafi verið gegn lögnum. Einnig á að fylgja rökstuðningur fyrir því hvers vegna þessi atvik séu talin fara í bága við samkeppnislög. Þá skal lýsa með ítarlegum hætti þeirri vöru, þjónustu eða starfsemi sem tengist samkeppnishömlunum. Loks skal jafnframt eftir því sem við á lýsa m.a. viðkomandi markaði ásamt því að leggja fram upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að skýra sjónarmið kvartanda.

Ljóst þykir að erindi áfrýjanda uppfyllti ekki þessar kröfur málsmeðferðarreglnanna enda almenns eðlis sem áður sagði. Ber því að staðfesta niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins. Afgreiðsla máls þessa hefur dregist vegna sumarleyfa nefndarmanna.

### Úrskurðarorð

Ákvörðun Samkeppniseftirlitsins frá 16. apríl 2009 er staðfest.

Reykjavík, 6. júlí 2009

Lárus L. Blöndal

Anna Kristín Traustadóttir

Stefán Már Stefánsson

Rétt endurrit staðfestir: